



Halastjarna¹

Þorsteinn Haraldsson
Endurskoðandi



Undanfarin sex ár hef ég átt sæti í álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda. Fyrstu tvö árin sem varaformaður félagsins, þá sem formaður og loks sem fráfarandi formaður. Á aðalfundi nýverið lauk ég þjónustu minni í álitsnefnd. Þau ár sem ég starfaði í nefndinni bárust henni fjöldamörg erindi til umsagnar. Flest voru þau frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og flest voru lagafrumvörp um skattamál. Þegar ég hætti var eitt þessara frumvarpa óafgreitt, en nýskipuð álitsnefnd mun ljúka því máli. Ég vil, áður en ég gleymi mér í nýjum ævintýrum, miðla af reynslu minni í nefndinni. Það geri ég af góðum hug og í trú á að það verði til einhvers gagns. Ég mun taka til umfjöllunar skattafrumvarpið sem óafgreitt er vegna þess að mér, og líklegum lesendum, er það í fersku minni. Það sem ég segi gæti hins vegar átt við um fjölmörg skattafrumvörp sem fram hafa komið undanfarin sex ár.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum

Eftirfarandi kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu: „Frá 1. júlí sl. hafa gilt nýjar og strangari reglur um slíka sölu (innsk. sölu á þjónustu til erlendra aðila), en með lögum nr. 55/1997, um breyting á lögum um virðisaukaskatt, voru gerðar ýmsar breytingar er lutu að afdráttarlausari ákvæðum um skattskyldu og ákvörðun hennar í lögnum. Þannig voru felld brott ákvæði laganna um heimild fjármálaráðherra til þess að kveða á um skattskyldu, undanþágur og endurgreiðslur í reglugerðum. Meðal þeirra breytinga sem þá voru gerðar var að fella brott heimild til að kveða á í reglugerð um undanþágur vegna sölu á þjónustu til erlendra aðila sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi.“

¹ Greinin sækir heiti sitt í samnefnda ljóðabók Þórarins Eldjárn (ljóð) og Sigrúnar Eldjárn (myndir), sem kom út í lok nóvember 1997. Ljóðin í bókinni eru notuð til stuðnings. Góð löggjöf er lík himinstjörnu sem vísa r mönnum til vegar. Vond löggjöf er lík Halastjörnu sem geysist um himinhvolfið og dregur slóðann á eftir sér.

Framhald á síðu 2

Framtal rekstraraðila 1998

Skattanefnd FLE

Skattanefnd félagsins hefur, í samstarfi við embætti Ríkisskattstjóra (RSK), unnið að undirbúningi framtalsskila rekstraraðila á nýju formi sem raunar var kynnt og í litlum mæli notað í fyrsta sinn á síðustu vertíð. Notkun löggiltra endurskoðenda var ekki almenn á þessu nýja formi þá en starfsmenn RSK leggja ríka áherslu á að breyting verði á því. Í þeim tilgangi var skipaður fimm manna starfshópur á vegum skattanefndar FLE sem í samráði við starfsmenn RSK hefur unnið að áætlun um hvernig innleiða mætti hið nýja framtal með sem bestum hætti. Hugmyndin var upphaflega að skylda alla rekstraraðila til að skila rekstrarframtalinu 1998 en frá því hefur nú verið horfið að nokkru leyti, þannig að einungis lögaðilum verður gert skylt að senda inn skattframtal á hinu nýja formi. Þær hugmyndir sem nú er unnið eftir eru eftirfarandi:

Framtalsskil rekstraraðila á árinu 1998:

- RSK 1.03 skattframtal lögaðila fellur niður
- Lögaðilum er skilt að skila nýju skattframtali rekstraraðila RSK 1.04.
- Lögaðilar geta sótt um að skila RSK 1.04 með takmarkaðri útfyllingu. (Með takmarkaðri útfyllingu er átt við að skattstofnar eru leiddir fram án sundurliðana).
- Aðrir rekstraraðilar, valkvæð skil á RSK 1.04
- Aðilum í búrekstri ber að skila Landbúnaðarframtali.

Framhald á síðu 7

Efni blaðsins

Halastjarna, Þorsteinn Haraldsson	1
Framtal rekstraraðila 1998, skattanefnd	1
Endurskoðendur í New York, menntunarnefnd	5
IASC staðlar	7
Heimsráðstefna í París, Þorvarður Gunnarsson	8
„Gjaldið keisaranum það sem keisarans er“	9
Félagsfundur FLE	9
Aðalfundur FLE	10
Nefndir FLE	11
Reglugerð um starfsábyrgðartryggingar endursk.	12
„Hvernig hefur þú það við tölvuna?“	13
Frá IFAC	14
FEE-Euro verkefni	15
Rannsóknarit Viðskipta- og hagfræðideild HÍ	15
Nokkur orð frá framkvæmdastjóra	16

„Nýja fyrirkomulagið, sem tók gildi 1. júlí sl., hefur mætt nokkurri gagnrýni af hálfu hagsmunaaðila, þ.e. þeirra sem að jafnaði selja þjónustu til erlendra aðila. Helstu umkvartanir lúta að því að það krefjist meiri fyrirhafnar af hálfu hins erlenda aðila að þurfa að greiða virðisaukaskatt af keyptri þjónustu og sækja síðan um endurgreiðslu, heldur en að fá þjónustuna afhenta án virðisaukaskatts. Jafnframt hafa heyrst þau sjónarmið að í einhverjum tilvikum sé hætt á röskun samkeppnisstöðu og í því sambandi á það bent að ekki sé alltaf skýrt hvenær þjónusta sé nýtt erlendis en á þá túlkun reynir mun meira eftir breytinguna 1. júlí sl. Með hliðsjón af þessum ábendingum var ákveðið að taka breytinguna frá 1. júlí til endurskoðunar. Með þessu frumvarpi er lagt til að fyrirkomulag skattmeðferðar á þjónustu við erlenda aðila sem ekki hafa starfsstöð hér á landi verði fært til fyrra horfs í meginatriðum og um leið til samræmis við þær reglur sem gilda annars staðar í Evrópu.“

Fyrst vil ég benda á nokkur almenn atriði sem ráða má af ofangreindri tilvitnun. Alþingi breytti lögunum um virðisaukaskatt í vor. Nú hefur komið í ljós að það var missmíð á þeirri breytingu. Þess vegna er þörf á að leggja málið að nýju fyrir þingið í von um að betur takist til en hið fyrra sinni. Þetta er því miður ekki einsdæmi. Af föður mínum, sem er smiður, hef ég lært að mæla fyrst og saga svo. Það er stundum orðað svo að maður skapi tvisvar. Fyrst með ígrundaðri hugsun, síðan með sköpun (framkvæmd) í samræmi við ígrundaða hugsun sína. Sé þetta ekki gert, getur hlotist tjón af. Tjónið, sem hér um ræðir, liggur auk annars í því að þing, ráðherra og starfsmenn ráðuneytis hafa eytt dýrmætum tíma sínum í það að fást við afleiðingar þess að fyrri sköpunin var gölluð. Sendinefndir hafa komið á fund ráðherrans til að tjá honum reiði sína. Ráðherrann hefur fyrst líklega varið skrifstofu sína, en loks fallist á að leggja fram nýtt frumvarp og falið starfsmönnum sínum að semja það. Ráðherrann hefur af þessum sökum tapað dýrmætum tíma sínum, jafnvel ekki náð því að sinna öðrum mikilvægum stjórnarathöfnum eins og vert væri. Þingið, sem nýverið hafði setið daglangt yfir þessu verki, mun nú finna sér stund að nýju til þess að bæta úr missmíðinni. Ég gæti lengi haldið áfram að fjalla um þá sem hafa beðið tjón af þessu, t.d. þá sem selja þjónustu til útlanda, en læt hér staðar numið. Allir sjá nú mikilvægi þess að leggja vinnu í fyrri sköpunina; vel ígrundaða hugsun áður en hafist er handa um framkvæmdir.

Það er margt sem texti athugasemdanna með frumvarpinu vekur. Gott og slæmt. Dæmi um það góða er að með lagabreytingunni frá því í sumar var litið til ákvæða í stjórnarskránni og þau virt: „Þannig voru felld brott ákvæði laganna um heimild

fjármálaráðherra til þess að kveða á um skattskyldu, undanþágur og endurgreiðslur í reglugerðum.“ Maður spyr sig stundum: Hvers vegna er verið að setja grunnreglur, binda það í stjórnarskrá að skattamálum skuli skipað með lögum? Svarið er einfalt: Sé það ekki gert er hætt við að menn missi sjónar á grundvallaratriðum í tímans rás og amstri dagsins. Því brýni ég menn og segi: Vel færi á því að fella fleiri skattaákvæði að fyrirmælum stjórnarskrár og þökk skulu menn hafa fyrir það sem vel er gert.

Dæmi um hið slæma í textanum er að þar er ekki sagt rétt og satt frá. Það er ekki verið að breyta fyrirkomulagi skattmeðferðar á þjónustu við erlenda aðila til samræmis við þær reglur sem gilda annars staðar í Evrópu. Reglur Evrópuþjóðanna eru fjölbreyttari en svo að unnt sé að nefna þær allar samtímis eins og hér er gert. Þetta er hinsvegar lenska hér á landi, því miður. Þá leyfi ég mér að efast um að verið sé að samræma reglurnar því sem almennt er tíðkað í þeim löndum sem við helst viljum bera okkur saman við, og verður nánar vikið að því með dæmi síðar.

Þegar álitsnefnd fær frumvarp til skoðunar er því mætt með því að setja sig í spor þess sem skjalið samdi. Menn spyrja sem svo: Hvað er það sem ná á fram? Hver er hinn pólitíski vilji? Þegar þessum spurningum hefur verið svarað, nálgast menn tillögur um tæknilegar breytingar af varfærni. Kurteislega (oftast, vonandi) er lagt til að setningu sé breytt eða orði hnikað. Ekki er vikið að „pólitískum grunnvef“ málsins nema hann sé augljóslega illa sleginn þegar litið er til annarra lagaákvæða og svo framvegis. Alltaf er reynt að gera það besta úr því sem fyrir liggur. Ég hef, í ljósi fenginnar reynslu, efasemdir um að þessi aðferð eigi alltaf við. Auðvitað má kærleikurinn og umhyggjan fyrir náunganum aldrei víkja, en kærleikur og kveifarskapur er sitthvað.

Smiður stendur á eldhúsgólfi með teikningu af nýrri eldhúsinnréttingu. Arkitektinn stendur við hlið hans, og spyr hvort honum lístist ekki vel á. Smiðurinn og arkitektinn eru vinir. Arkitektinn er haukur í horni smiðsins. Smiðurinn vill vel, hann vill ekki spilla sínum góða vinskapi við arkitektinn. Smiðurinn sér að skápahurðir snúa öfugt, hillur eru ekki líklegar til að bera uppi það sem á þær verður látið og líklega þarf að kaupa nýjan ísskáp. Holan sem honum er ætluð er of lítil miðað við þann gamla. Smiðurinn hugsar sig vel um. Hann segir við sjálfan sig: „Hvaða máli skiptir þótt hurðirnar snúi öfugt? Koma þær ekki að sama gagni hvernig sem þær snúa!“ Hann segir því ekkert

um hurðir. „Hvaða máli skiptir burðargetan? Er það ekki á seinni tíma ábyrgð notandans að setja ekki meira í hverja hillu en hún ber!“ „Vitur er ég, hugsar hann, ekki pota ég í kvikuna á vini mínum.“ Hann mannar sig upp í að segja eftirfarandi: „Heyrðu félagi, ég sé að þú ætlar að fá þér nýjan ísskáp. Er það ekki alveg óþarft, mér finnst hann flottur ísskápurinn sem þú átt.“ Arkitektinn brosir. Þegar smiðurinn er farinn breytir hann málsetningu teikningarinnar, þannig að gamli ísskápurinn komist fyrir, enda hafði hann aldrei hugsað sér að kaupa nýjan.

Nú vil ég segja pínulítið um efni frumvarpsins með aðferð smiðsins í dæmisögunni: Í a. lið 1. gr. frumvarpsins segir: „Skattskyld þjónusta sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi telst ávallt nýtt hér á landi.“ Lagt er til að setningin orðist þannig: „Skattskyld þjónusta sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi telst ávallt notuð hér á landi, þótt hún sé ekki notuð hér á landi.“ Upptalningin, sem kemur á eftir orðinu „menningarstarfsemi“ í frumvarpinu, er óþörf. Það sem upp er talið, og „aðra hliðstæða starfsemi“ tel ég að sé í hugum allra óumdeilanlega menningarstarfsemi. Varðandi seinni liðinn, þá er skýrara að segja með beinum hætti það sem við er átt, ef mínar getgátur um það eru réttar². Í frumvarpsgreininni segir ennfremur: „Jafnframt er sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi undanþegin skattskyldri veltu þó að þjónustan sé ekki nýtt að öllu leyti erlendis ef kaupandi gæti, væri starfsemi hans skráningarskyld hér á landi, talið virðisaukaskatt vegna kaupa þjónustunnar til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. Sé þjónusta ekki að öllu leyti nýtt erlendis er skilyrði fyrir undanþágu að fyrir liggja í bókhaldi seljanda vottorð frá bærum yfirvöldum í heimalandi kaupanda þar sem fram kemur hvers konar atvinnurekstur hann hefur með höndum og gildir vottorð þetta í tvö ár frá útgáfudegi.“³ Lagt er til, að þeirri kvöð að afla fyrirfram vottorða frá erlendum kaupendum, verði aflétt. Í hennar stað verði sett inn ákvæði sem skyldar seljandann til þess að útvega slíkt vottorð ef eftir því verður leitað.

Þegar litið er heildstætt á fyrirliggjandi frumvarp, og þá einvörðungu í tæknilegu ljósi til þess að byrja með, lítur málið svona út frá mínum bæjardyrum séð: Viljinn samkvæmt frumvarpinu er eftirfarandi: „Ef kaupandi þjónustunnar erlendis væri virðisaukaskattsskyldur hér á landi, þá skal ekki innheimta virðisaukaskatt af þeirri þjónustu sem honum er seld.“ Ef þessi skilningur minn er réttur, má þá ekki bara segja beint það sem menn meina, og sleppa öllu hinu?

Meira hefur þessi smiður ekki að segja um tæknilega hlið málsins. Snúum okkur þá að hinni pólitísku hlið málsins og þeim yfirlýsta tilgangi að gæta jafnræðis milli manna, líkt og ég trúir að gert sé í þeim Evrópulöndum sem við helst viljum bera okkur saman við.

Eftir hverju er verið að slægjast? Það liggur fyrir að ekki á að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu, sem t.d. endurskoðandi selur virðisaukaskattsskyldum erlendum aðila. Ergó: Ríkissjóður ætlar sér ekki tekjur af slíkri sölu. Hverjir aðrir eru líklegir til þess að kaupa sér þjónustu, t. d. endurskoðanda? Bankar og sjóðir, segir einhver ef til vill. Gott og vel. Hugsum okkur banka í Þýskalandi sem hyggst leggja fé til fyrirhugaðra vegganga undir sjó. Hugsum okkur að framkvæmdaaðilinn hér á landi sé einkafyrirtæki og þýski bankinn vilji að endurskoðandi athugi ársreikninga hans og annað sem máli skiptir áður en bankinn tekur ákvörðun. Bankar eru ekki virðisaukaskattsskyldir. Af því leiðir að innlendir endurskoðandi sem selur honum þjónustu sína á að bæta virðisaukaskatti við reikning sinn. Þýski bankinn verður síðan, skv. þýskum lögum,⁴ að skila til viðbótar virðisaukaskatti til þýska ríkisins. Skatturinn verður með öðrum orðum tvöfaldur, vegna þess að þýska ríkið leyfir ekki að fyrirtæki komist undan virðisaukaskatti með því að kaupa þjónustu frá útlöndum.⁵

² Fyrir allmörgum árum heyrði ég þá sögu að maður einn hefði kvatt sér hljóðs á baráttufundi stjórnmalaflokks. Hann sagði: „Ég styð Flokkinn, vegna þess að hann er eini Flokkurinn sem þorir að vera á móti staðreyndum.“ Áheyrendur hlógu. Ég hló líka þegar mér var sögð sagan. Ég hlæ ekki lengur, og bið viðkomandi fyrirgefningar á því að hafa hlegið.

³ Nýverið álasaði Umboðsmaður alþingis yfirkattanevnd fyrir seinagang við afgreiðslu mála. Hjá nefndinni liggja óafgreidd hundruð erinda. Skyldi þessi texti vera til þess fallinn að fækka deilumálum, þegar litið er til allra þeirra túlkunarmöguleika sem hann býður uppá?

⁴ Það sem hér er sagt hef ég ekki athugað sjálfur. Ég hef þetta eftir kollega mínum sem lent hefur í þessum aðstæðum.

⁵ Fjöldmörg dæmi má nefna um kaup hérlendra aðila á erlendum sérfræðiskýrslum. Innlendir kaupendur þjónustunnar skila ekki virðisaukaskatti til íslenska ríkisins, líkt og tíðkast meðal þeirra þjóða sem við helst viljum bera okkur saman við.

Ömur og fáran, heitir eitt ljóðanna í „Halastjörnu“, annað erindið er svona:

Þau týndu öllum tilgangi og þræði

og töpuðu spílinu bæði.

Með ógnvænleg glott

þau gengu á brott

í eins konar stundaráði.

Ímyndum okkur þá að þýski bankinn hafi, í stað þess að leita beint til íslensks endurskoðanda, leitað til „Alþjóða endurskoðunarstofunnar“ í Þýskalandi með sama erindi. Þeir vita sem er að skrifstofan sú er með aðildarfyrirtæki um allan heim, líka á Íslandi. Það kemur því í hlut „Alþjóða endurskoðunarstofunnar“ á Íslandi að vinna verkið fyrir þýska bankann. Formlega er kaupandi þjónustunnar „Alþjóða endurskoðunarstofan“ í Þýskalandi. Það fyrirtæki væri virðisaukaskattsskylt hér á landi. Ergó: Enginn virðisaukaskattur verður innheimtur hér á landi af hinum þýska banka ef kaupin fara fram með milligöngu þýsks endurskoðanda.

Ég hef nú setið við skriftir lengi dags. Ég gæti setið lengi enn, en með því sóa ég bæði mínum tíma og þínum, lesandi góður. Ég get þó ekki látið hjá líða að fara yfir eitt aðalatriði þessa máls.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið standa eftirfarandi orð:

„Þessi breyting hefur í raun ekki áhrif á skattbyrði erlendra aðila sem stunda virðisaukaskattskylda starfsemi samkvæmt íslenskum virðisaukaskattslögum. Þeir aðilar hafa átt þess kost að sækja um endurgreiðslu virðisaukaskatts af allri þjónustu sem undanþegin verður skatti samkvæmt þessu frumvarpi. Á hinn bóginn verður eftirlit með framkvæmdinni ekki jafn reglubundið og ella og því reynir frekar á það að skattstjórar hafi frumkvæði að því að kanna framkvæmd reglnanna og mun fjármálaráðuneytið leggja áherslu á að átak⁶ verði gert í þeim málum. Til að auðvelda framkvæmdina er lagt til að kveðið verði skýrar á um það hvenær þjónusta telst vera nýtt hér á landi og er þessi breyting m.a. hugsuð til þess að auðvelda framkvæmd og eftirlit með þessum reglum.“

Ég kys að segja sem minnst um þennan texta. Hann dæmir sig sjálfur og sýnir, svo ekki verður um villst, að hér er verið að efna til óráðsfarar. Mér verður hugsuð til alls þess góða fólks sem vinnur hjá skattkerfinu vítt um landið. Það er ekki sælt af sínum viðfangsefnum. Vammir og skammir eru þess daglega brauð, því að það er andlit hins opinbera í skattamálum. Minnstu þess lesandi minn að það er sitthvað húsbóndi og hjú.⁷

Hugrakkur smiður reynir að sjá fyrir þarfir þeirra sem eiga að nota eldhúsið, væntingar þeirra og vonir.

Lagt er til að: „Öll sala á vöru og þjónustu til útlanda, önnur en sú sem seld er ferðamönnum sem hingað koma, verði undanþegin virðisaukaskatti. Ferðamenn, eftir sem áður, eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts við brottför af landinu samkvæmt gildandi reglum.“ Hér hefur ríkissjóður meiri tekjur af því að sleppa skattheimtu, fremur en að efna til ófriðar og útgerðarkostnaðar sem engum afla skilar. Réttari væri umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, væri hún svohljóðandi:

„Ekki verður annað séð en að frumvarpið skaði afkomu ríkissjóðs.“ ♦

⁶ Auk erindanna sem biða afgreiðslu yfirkattaneftndar, má nefna að skattkæmur sem skattstjóraembættin hafa til úrlausnar frá því í ágúst eru um 5000 talsins. Fyrirferðarmest eru framtöl sem ekki er skilað fyrir en í ágúst. Ríkisendurskoðun hefur í skýrslu bent á að embætti Skattrannsóknarstjóra skorti bæði fólk og fjármuni til þess að unnt sé að vinna verkin á þeim bæ.

⁷ Höfundur hefur fyrir (Endurskoðendadagur voríð 1996) vakið athygli á að erfiðleikar í viðskiptum skatts og endurskoðenda eiga rætur í ruglingslegri löggjöf. Um þau efni má vísa til eftirfarandi erinda úr bókinni „Halastjórnu“.

Þeir segja ekki margt -Déskoti, déskoti,
og sjaldan neitt þarft. segir Davíð í Nes koti.
ef orð frá þeim hrjóta - Asskoti, asskoti,
þeir eru að blóta. segir Einar í Vatnskoti.

Áhugaverðar bækur/tímarit

Fjármálaráðuneytið – Frankvæmdanefnd um einkavæðingu

Ríkisábyrgðir, skýrsla nefndar
um endurskoðun ríkisábyrgða og
tillögur til breytinga

Bókin skiptist í 5 kafla:

- Erindi og skipan nefndarinnar
- Ábendingar og tillögur
- Umfang ríkisábyrgða
- Helstu þættir ríkisábyrgða
- Ríkisábyrgðir í öðrum löndum

FASB, Jim Paul

International Review of
Accounting Standards Specifying
a Recoverable Amount Test for
Long-Lived Assets

IFAC

IFAC Handbook -New Technical
Pronouncements

Bókin skiptist í 7 kafla:

- IFAC, general information
- Statements of Policy of Council:
 - a) Assuring the Quality of Audit and Related Services
 - b) Recognition of Professional Accountancy Qualifications
- Auditing
- Ethics
- Education
- Financial and Management Accounting
- Public Sector

IFAC

Articles of Merit, 1997
Competition

Meðal greina má nefna:

- Beyond Product Costing
- Accounting for the Environment
- Valuing Partner Contributions in Strategic Alliances
- Who Needs performance Management?

IFAC

Education Network, Oct. 1997

IFAC

Quarterly, Oktober 1997

RSK

Tíund, fréttablað RSK, okt.1997

Meðal efnis í blaðinu er:

- Nýjar reglur um útgáfu jöfnunarhlutabréfa
- Leigutekjur af fasteignum
- Tímafrestir vegna endurákvörðunar

Frekari upplýsingar fást á
skrifstofu FLE

Endurskoðendur í New York

Menntunarnefnd FLE



Dagana 24. – 29. september s.l. fóru tæplega 70 endurskoðendur ásamt tæplega 60 mökum í ráðstefnuferð til New York. Dagskrá ferðarinnar var allfjölbreytt, bæði hvað varðaði ráðstefnuefni, makadagskrá ofl., sem skipulögð var af hálfu FLE. Hópurinn dvaldist á Holiday Inn Manhattan, sem er staðsett að 440 West 57th Street.

Lagt var af stað frá Íslandi seinni part miðvikudagsins 24. september og komið til New York snemma kvölds. Mannskapurinn eyddi fyrsta kvöldinu í að bíða eftir flugrútnni á hótelið og þegar heim á hótél var komið fóru margir í fyrsta könnunarleiðangurinn, í leit að mat og drykk. Vegna tímamismunarins risu menn senmma úr rekkju á fimmtudagsmorgun og flestir fengu sér morgunverð á hótelinu.

Dagskrá ráðstefnunnar á fimmtudeginum var mjög fróðleg og hófst hún á því að Tryggvi Jónsson, þáverandi formaður FLE setti ráðstefnuna. Frummælandi var Victoria A. Lusniak, Assistant Project Manager hjá FASB. Í erindi hennar kom fram hvernig aðdragandinn er að gerð reikningsskilastaðla og hvernig stofnanir og sérþjálfað starfsfólk FASB nálgast verkefnið á skipulegan hátt. Einnig fjallaði hún nokkuð um ýmis þau vandamál sem varða meðferð framvirkra samninga og áhættustýringar (e. derivatives and hedging) í reikningsskilum fyrirtækja. Bandaríska reikningsskilanefndin hefur unnið að setningu reikningsskilastaðla um efni er tengist framvirkum samningum. Þar er bæði um að ræða reglur um framsetningu þessara liða í reikningsskilum og upplýsingar sem þar skal veita.

Eftir hádegi flutti Jón S. Friðjónsson, innkaupastjóri Coldwater í Bandaríkjunum, stutta kynningu á starfsemi Coldwater og hvernig er að starfa að viðskiptum í Bandaríkjunum. Jerry Clark, fjármálastjóri sama fyrirtækis tók síðan við og lýsti reynslu Coldwater af millifærsluverðlagningu (e. transfer pricing) milli tengdra fyrirtækja, en mjög strangar reglur gilda um þessi viðskipti í Bandaríkjunum. Einnig sagði Jerry frá bandarískum skattareglum og áhrifum þeirra í fyrirtækjarekstri.

Síðastur á mælendaskrá fyrir kaffi á fimmtudeginum var Robert A. Schaeffer frá KPMG Peat Marvick LLP. Robert skýrði frá hvernig hópur sérfræðinga

tekur að sér ráðgjöf þegar stofnuð eru fyrirtæki í Bandaríkjunum. Ráðgjöf þessi felst meðal annars í skattamálum og ýmsum öðrum atriðum er tengjast stofnun og uppsetningu nýrra fyrirtækja þar í landi, s.s. samningum við yfirvöld ofl., um fríðindi og eftirgjafir á opinberum gjöldum, ef fyrirtæki taka til starfa á þeirra umráðasvæði.

Ráðstefnu fimmtudagsins lauk á erindi Magnúsar Gylfa Thorstenn, lögmanni og eins af eigendum lögfræðifyrirtækisins Thorstenn & Thorstenn. Erindi Magnúsar fjallaði um ýmis félagsform og mismunandi skattareglur sem um þær gilda þar í landi. Einnig fór Magnús yfir þær reglur sem gilda varðandi stofnun nýrra fyrirtækja í New York og einnig hvað menn þurfa að hafa í huga þegar sótt er um starfs- og dvalarleyfi. Það vakti nokkra athygli ráðstefnugesta að Magnús, þrátt fyrir að vera Íslendingur í húð og hár, flutti erindi sitt á ensku. Hann skýrði þetta þó í upphafi erindis síns og sagði að hann væri svo vanur að beita fyrir sig ensku á þessi sviði að það væri honum miklu auðveldara heldur en að snúa öllu yfir á íslenskuna.

Á meðan endurskoðendur sátu ráðstefnu á fimmtudeginum fóru makar þeirra í skoðunarferð um borgina og skoðuðu ýmsa áhugaverða staði s.s. Times Square, Greenwich Village, Soho, Little Italy, Chinatown ofl. Hádegisverður var snæddur á New Yorker hótelinu. Á fimmtudagskvöldinu fór stór hópur í leikhús og sá Óperudrauginn í Majestic Theater á Broadway. Aðrir (þeir útsjónarsömu) sá hins vegar Carmen í Metropolitan Opera House í Lincoln Center, þar sem stórsöngvarinn Placido Domingo var í einu af aðalhlutverkunum.

Á dagskrá endurskoðenda á föstudeginum var fyrirlestur og kynning á starfsemi AICPA í höfuðstöðvum þeirra í N.Y. Þar flutti Nancy Cohen, endurskoðandi og starfsmaður AICPA mjög fróðlegt erindi um hver mest áriðandi viðfangsefni líðandi stundar væru. Í hennar máli kom m.a. fram að tölvur, internetið og öryggi tengt því er eitt heitasta málið sem brennur á endurskoðendum þar í landi. Svo heppilega vildi til að formaður AICPA sá sér fært að líta inn á fundinn og átti hann mjög fróðlegt spjall við hina íslensku starfsfélaga sína. Í Bandaríkjunum 31. júlí 1996 voru rúmlega 328 þúsund endurskoðendur, þar af voru 40,4% sjálfstætt starfandi, 42,3% störfuðu við viðskipti og iðnaðarfyrirtæki, 2,4% sem leiðbeinendur (kennslu), 4,4% hjá hinu opinbera og 10,5% voru komin á eftirlaun eða störfuðu við ýmis önnur störf.

Sameiginlegur hádegisverður var með mökum á veitingahúsinu Sequia, South Street Seaport. Þar kynnti Guðmundur Franklín, verðbréfamiðlari í N.Y. ýmislegt er varðar viðskipti með verðbréf í N.Y. Guðmundur Franklín er löggiltur verðbréfasali í Bandaríkjunum og

stundar þar alþjóðaviðskipti í fjármögnun og fjárfestingum fyrirtækja. Eftir hádegisverðinn heimsóttu endurskoðendur verðbréfafyrirtækið Smith-Barney International Money Management (undir dulnefninu „The Icelandic Pension Fund“). Þetta rísa fjár- og eignaumsýslufyrirtæki er eitt af sex stærstu í heiminum og var heildar fjár- og eignaumsýsla þess í lok mars 1997 í kringum 4,3 billion dollara. Í lok mjög fróðlegrar kynningar á starfsemi þessa alþjóðlega fjárfestingarfélags var endurskoðendum boðið upp á léttar veitingar í húsakynnum félagsins.

Á meðan endurskoðendur heimsóttu höfuðstöðvar AICPA skoðuðu makar þeirra Metropolitan Museum of Art. Safn þetta er gríðarmikið safn listaverka og fornminja frá öllum tímum og heimshornum. Eftir hádegi fóru makar síðan í skoðunarferð um stærsta leikhús heims, þar sem eru til dæmis sæti fyrir 5.875 gesti en þetta er Radio City Music Hall. Föstudagskvöld og laugardag var engin skipulögð dagskrá, en fólk nýtti þá tímann vel til að skoða borgina og njóta lystisemda hennar.

Dagskrá laugardagskvöldsins hófst með fordrykk á hótelinu og síðan var ekið niður á bryggju til sameiginlegs hátíðarkvöldverðar um borð í skipinu Spirit Cruises. Á meðan skipið sigldi niður Hudson ána í átt að frelsisstyttunni og tilbaka aftur, var borinn fram veislumatur og boðið upp á skemmtidagskrá og dans. Veislustjóri var Sigurður Jónsson, endurskoðandi og ræðumaður kvöldsins Þór Oddgeirsson, endurskoðandi og aðstoðarforstjóri ÁTVR. Skemmtidagskráin meðan á borðhaldi stóð, var í umsjón sérhæfðs starfsfólks skipsins, en þau sáu bæði um að þjóna til borðs og um söng- og skemmtiatriði kvöldsins. Það var álit margra veislugesta að í hópi þeirra leikara og söngvara sem tróðu upp þetta kvöld, væru margar úppgötvaðar stjórnur framtíðarinnar í N.Y. og þó víðar væri leitað. Öðrum sögum fór af frammistöðu þeirra í þjónustuhlutverkinu.

Sunnudagurinn var frjáls dagur. Um kvöldið fóru nokkrir á RiverDance sýningu sem sýnd var í Radio City Music Hall. Aðrir nýttu kvöldið til annarra hluta.

Mánudagurinn var síðasti dagurinn hjá flestum og byrjaði hann á því að mætt var stundvíslega kl. 9:15 í New York kauphöllina. Fylgst var með þegar viðskipti hófust með verðbréf og hvernig ca. 100 starfsmenn á „gólfi“ kauphallarinnar önnuðust viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf fyrir skjólstæðinga sína vítt og breytt um heiminn. Á

lokadagskrá ferðarinnar var verslunarferð í Hudson Valley, um klukkustunda akstur frá N.Y., þar sem u.þ.b. 150 verslanir bjóða 25%-65% lægra verð en verslanir New York borgar. Að verslunarferð lokinni var haldið beint út á Kennedy-flugvöll, þar sem flugvél heim til Íslands beið ferðalanganna.

Eftir að heim var komið hefur það frést að almennt hafi endurskoðendur og makar þeirra verið mjög ánægðir með ferðina og hafa nú margir uppgötvað nýja og spennandi borg sem vert er að heimsækja öðru sinni þegar ferðapreytan og Visareikningurinn eru að baki. ♦

NOKKRAR MYNDIR FRÁ NEW YORK



Hvaða aðilar geta sótt um takmarkaða útfyllingu á RSK 1.04?

- Mjög sérhæfður rekstur, svo sem bankar, tryggingafélög og fjármálastofnanir.
- Aðilar með sérsníðað bókhaldskerfi og mjög sundurliðað bókhald (yfir 1000 bókhaldslykla) og eiga í erfiðleikum með vélræna tengingu á milli bókhaldslykla og reita á framtali.

Fylgiskjöl með framtali rekstraraðila á árinu 1998:

- Ársreikningur.
- RSK 4.01 Fyrningarskýrsla.
- RSK 4.03 Rekstraryfirlit fólksbifreiðar.
- RSK 4.09 Greinargerð um fólksbifreiðar.

Sundurliðanir sem þurfa að liggja fyrir í bókhaldi hjá þeim sem skila RSK 1.04 á árinu 1998:

- Afstemming virðisaukaskatts fyrir hvert virðisaukaskattsnúmer (ef fleiri en eitt).
- Sundurliðun tiltekinna reita eins og kveðið er á um í leiðbeiningum.

Fyrirkomulag skila:

- Á pappírformi, þ.e. á prentuðum eyðublöðum skattýfirvalda.
- Á diskettu og pappír, þ.e. fyrstu síðu með stofnum, á pappír og skrá á diskettu.
- Á tölvutæku formi yfir gagnanet með vélrænni undirskrift.

Framtalsskil þeirra sem ekki nota RSK 1.04 verða með hefðbundnum hætti.

Til skoðunar er að hjá RSK að kynna nýtt framtal sem yrði einfaldari gerð af RSK 1.04 fyrir aðila sem hafa ársveltu undir 800.000 kr. eða eru í tilteknum atvinnugreinum.

Viðskiptahugbúnaður og RSK 1.04

Starfshópur FLE og starfsmenn RSK sem unnið hafa að þessum málum kölluðu fulltrúa stærstu hugbúnaðarhúsanna á kynningarfund þar sem farið var yfir þörf notenda viðskiptahugbúnaðar á aðlögun fyrir framtalið. Einkum var rætt um aðferðir til vélrænnar yfirfærslu á sundurliðunum auk nauðsynlegs undirbúnings að breytingum á eign- og fyrningarkerfum ef mögulegt á að vera að vinna framtalið á þægilegan hátt.

Kynning á viðfangsefninu fyrir stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækja:

Á næstunni ætla embætti Ríkisskattstjóra að senda út bréf til stjórnenda hjá öllum lögaðilum þar sem gerð verður grein fyrir framangreindum reglum um framtalsskil 1998. Gera má ráð fyrir að fáir stjórnendur hafi hugleitt þessar breytingar sem framundan eru, enda álíta þeir flestir að endurskoðandinn sjái um málið fyrir þeirra hönd. Mikilvægt er að við fylgjum þessu bréfi eftir. ♦

IASC staðlar

IASC hefur sent frá sér tvo nýja endurskoðaða staðla. Hér er um að ræða IAS 1, *Presentation of Financial Statements* og IAS 14, *Segment Reporting*. Staðlarnir taka gildi fyrir ársreikningatímabil eftir 1. júlí 1998.

IAS 1, Framsetning ársreikninga, (e. *Presentation of Financial Statements*) kemur í stað núverandi IAS 1, *Disclosure of Accounting Policies*, IAS 5, *Information to be Disclosed in Financial Statements* og IAS 13, *Presentation of Current Assets and Current Liabilities*.

Með IAS 1 eiga gæði framsetningu ársreikninga að aukast til dæmis með því að samkvæmt honum er:

- Gert ráð fyrir að ársreikningar sem gerðir eru í samræmi við IAS staðla fylgi öllum viðeigandi stöðlum, þar með talið kröfum um skýringar.
- Gert ráð fyrir að frávik frá IAS kröfum verði einungis í sárafáum tilfellum.
- Komið á kröfum um framsetningu á málum eins og til dæmis mikilvægi, rekstrarhæfi, val á reikningsskilaaðferðum þegar engir staðlar eru til um viðkomandi málefni, samræmi og framsetning á samanburðar upplýsingum.

IAS 14, Skýrslugerð um starfsþætti eða atvinnugreinar (e. *Segment Reporting*) er endurskoðaður staðall IAS 14 frá 1981. Skilgreint er hvernig skipta eigi starfsemi upp í mismunandi þætti, hvaða upplýsingar eigi að sýna og hvernig mælingar skuli fara fram. Sem dæmi um hvað er nýtt í staðlinum má nefna:

- Skýrari skilgreining á starfsþáttum.
- Stöðluð skilgreining á starfsþáttaniðurstöðum.
- Tiltekið að skýrslugerð um starfsþætti skuli vera í samræmi við þær aðferðir sem beitt er við heildaruppgjör fyrirtækisins.
- Nýtt skilyrði um að starfsþáttur verði að ná yfir a.m.k. 75% af heildar rekstri fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar fáct á skrifstofu FI F ▲

Heimsráðstefnan í París

24. – 29. október 1997

Þorvarður Gunnarsson
Endurskoðandi, formaður FLE



Undirritaður fór sem fulltrúi Félags löggiltra endurskoðanda á heimsráðstefnu endurskoðanda, sem haldin var í París daganna 26. - 29. október sl.

Þema ráðstefnunar var: **Endurskoðendur og þjóðfélagið, hagsmunir almennings og hvernig þeim verði best borgið.**

Yfir 4.000 endurskoðendur sóttu ráðstefnuna, sem haldinn var í ráðstefnuhöllinni í París, Palais des Congrès.

Ráðstefnan var í raun tvískipt. Á morgnana milli 9-10.30 voru allsherjar fundir (plenary session) í stórum sal, sem ætlaðir voru öllum þátttakendum. Á milli klukkan 11- 1 og 2-5 var ráðstefnunni skipt í allt að 8 málstofur (workshop) hverju sinni, sem hægt var að velja úr.

Fjórir fyrirlesarar voru á hverjum allsherjafundi og meðal ræðumanna þar má nefna:

Didier Kling, formaður annara af tveimur félögum endurskoðanda í Frakklandi.

John Whitney, Columbia Business School

Michael Sharpe, frá Ástralíu, forseti IASC.

Michel Prada, frá Frakklandi, forseti alþjóðasamtaka kauphalla.

David Darbyshire, forseti FEE.

Zhang Youcai, vara fjármálaráðherra Kína.

Fimm fyrirlesarar voru á hverri málstofu. Sem dæmi um efni sem fjallað var um í málstofunum má nefna:

Þróun í upplýsingatækni - hvernig getur endurskoðandinn fylgst með?

Endurskoðandinn á 21 öldinni - breytingar í áherslum varðandi menntun.

Staðlagerð - er hún að verða of flókin og ruglingsleg?

Hvað geta talist eðlilegar væntingar almennings um starf endurskoðanda?

Um fjöllun um reikningsskilastaðla - IASC/FASB

Endurskoðun á hefðbundnum reikningsskilum - hversu gagnleg eru hefðbundin reikningsskil

Er hægt að setja alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur

Eftirlit með endurskoðendur - á það að vera innan stéttarinnar eða utan.

Ný markaðssvæði (Austur Evrópa, Kína) og vandamál og tækifæri þeim tengd.

Á ráðstefnusvæðinu hafði einnig verið sett upp sýning sem kölluð var “Heimsporið” það sem ýmsir hagsmunaaðilar og þjónustuaðilar sýndu hvað þeir hafa upp á að bjóða. Vandamálið var bara það að á sýningarsvæðinu var allt á frönsku, þannig að það kom undirrituðum að litlu gagni.

Skipta má um fjölluninni á ráðstefnunni og niðurstöðum hennar í nokkra þætti:

- **Staða stéttarinnar:** Í augum þjóðfélagsins eru endurskoðendur stétt sem sýslar með tölur (eru bókhaldarar). Við vitum þó að starf okkar er víðtækara og verður sífellt víðtækara. Endurskoðendur hafa þó gefið eftir í samkeppninni við ráðgjafa ýmiskonar, hugsanlega vegna þess að stéttin skilgreinir starfsvið sitt of þröngt.
- **Breytingar:** Stéttin stendur frammi fyrir ýmsum nýjum þáttum: Tæknimál eru sífellt mikilvægari og nauðsynlegt að fylgjast þar vel með og hugsanlega þarf að breyta menntun endurskoðanda til að taka betur mið af tæknibreytingum. Nýja Evrópumyntin kallar á breytingar og ýmis ný þjónusta getur skapað tækifæri fyrir endurskoðendur, svo sem umhverfisendurskoðun og vottun ýmis konar önnur en hefðbundin endurskoðun. Auk þess má nefna internet viðskipti, eins og raunar kom fram í heimsókn FLE til AICPA í New York.
- **Ný markaðssvæði:** Þessi þáttur fékk mikla umfjöllun, staða stéttarinnar í löndum eins og fyrrum kommúnistaríkjum í Austur Evrópu og Kína. Rússar voru raunar fjölmennir á ráðstefnunni, en yfir 200 rússneskir endurskoðendur mættu á hana.
- **Gæði endurskoðunarþjónustunnar og hvernig eftirliti á að vera háttáð:** Á stéttin að sinna sjálf eftirliti með störfum sínum (self regulatory) eða á eftirlitið að vera á vegum opinbers aðila. Þetta er misjafnt eftir löndum, en flestir eru sammála því að stéttin sjálf sjái um eftirlit með félagsmönnum sínum og setji upp kerfi þar að lútandi. Í USA eru bæði kerfin í gangi, það sem þeir kalla “peer review” og einnig það sem heitir “Public oversight board” sem er opinbert eftirlit. Í Noregi sinnir bæði félagið og hið opinbera eftirlitinu. Í þessu sambandi var einnig rætt um siðareglur og samræmingu á þeim á milli landa.
- **Staðlagerð:** Hver á að setja staðla? Eiga IAS eða GAAP staðlarnir að verða ráðandi? Menn töldu nauðsynlegt að gerð reikningsskilastaða yrði sem mest á einni hendi, þannig að fyrirtæki þyrftu ekki að skila tveimur gerðum eða jafnvel þremur af

ársreikningi eftir því hvar félögin væru skráð á hlutabréfamörkuðum (Dæmi: Benz í USA). Menn vildu að IASC setti staðlanna (enda ráðstefnan haldinn á vegum IFAC). Þó voru menn nokkuð sammála því að til þess að svo geti orðið þurfi IAS staðlarnir að taka mikið mið af bandarísku staðlagerðinni.

- **Þjálfun endurskoðenda** er mjög mikilvæg, sérstaklega á nýjum markaðssvæðum (emerging markets) eins og svo vinsælt var að tala um.
- **Spilling**, og þáttur endurskoðenda í að taka á því, sérstaklega í þróunarríkjum og nýjum markaðssvæðum.

Sumt af því sem fjallað var um á ráðstefnunni erum við að byrja að hugsa um af alvöru hjá okkur. Nauðsynlegt er að fá straua að utan í okkar umræðu. Okkar vandamál hafa öll verið á einn eða annan hátt til umræðu úti í hinum stóra heimi og nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast með hvernig umræðan þróast þar. Þess vegna er gagnlegt fyrir FLE að senda fulltrúa á ráðstefnur eins og heimspingið. ♦

„Gjaldið keisaranum það sem keisarans er...“ Skattborgarinn og skattkerfið

Að undanfögnu hafa fallið athyglisverðir dómar í Hæstarétti Íslands, sem valdið hafa umræðu meðal lögmanna og endurskoðenda. Hér er sérstaklega átt við misvísandi dómsniðurstöður um mjög hliðstæð mál og að því er virðist mismunandi túlkun skattborgara og framkvæmdavaldsins á skattalögum. Í ljósi þessa hafa átt sér stað viðræður milli Félags löggiltra endurskoðenda og Lögmannafélags Íslands. Nú hefur verið ákveðið að þann **16. júní 1998** muni þessi félög í sameiningu efna til opins málþings um skattamál. Þingið verður haldið að Hótel Loftleiðum og hefst kl. 13:20. Meðal ræðumanna verða Kristinn Bjarnason, hdl., Ólafur Nilsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG endurskoðun hf., Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi hjá Löggiltum endurskoðendum hf. og Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl. Að loknum erindum fara fram „panel“ umræður og fyrirspurnum verður svarað.

Stjórn FLE vill sérstaklega hvetja félagsmenn til að sækja þetta opna málþing, því hér er um að ræða mjög athyglivert málefni. Þess má einnig geta að fyrir hádegi sama dag verður skattadagur FLE. ♦

Félagsfundur FLE

15. nóvember 1997

Félagsfundurinn hófst á því að fulltrúi endurmenntunarnefndar, Halldór Arason, kynnti leiðbeinandi reglur um gerð og áritun endurskoðenda á óendurskoðuð reikningsskil.

Staðall þessi var lagður fram á félagsfundi í nóvember 1996 og félagsmönnum gefinn kostur á athugasemdum. Engar athugasemdir bárust og var því staðallinn borinn upp til atkvæðagreiðslu. Hann var samþykktur samhljóða. Staðallinn fylgir með FLE-fréttum.

Þessu næst kynnti Guðmundur Hjaltason tillögu nefndarinnar að leiðbeinandi reglum um mikilvægi við endurskoðun og Hjörleifur Pálsson kynnti tillögu að leiðbeinandi reglum um ráðningarskilmála við endurskoðun. Félagsmenn FLE fá þessar tvær tillögur að leiðbeinandi reglum sendar með FLE-fréttum. Endurskoðunarnefnd óskar eftir að fá sendar athugasemdir ef einhverjar eru.

Fulltrúi gæðanefndar, Guðmundur Snorrason, kom næst í ræðustól og sagði frá tildrögum nefndarinnar og störfum hennar. Hann kynnti síðan efni um gæðaeftirlit í nágrannalöndum okkar, einkum í Noregi og Svíþjóð. Ýmsar spurningar hafa vaknað hjá nefndinni um hvaða leið sé best að fara hjá okkur við gæðaeftirlit og er nefndin að vinna úr þeim. Þó stefnir í að reglur frá Noregi verði helsti útgangspunktur FLE við framkvæmd gæðaeftirlits.

Að loknu máli Guðmundar sté Þorsteinn Haraldsson í pontu og vildi sérstaklega benda á hve miklu skiptir að gæðaeftirlit verði kynnt á jákvæðan hátt en ekki neikvæðan. Eftirlitið sé til að aðstoða félagsmenn við að bæta vinnubrögð sín, en ekki til þess að „nappa“ menn. Ívar Guðmundsson tók einnig til máls og tók undir orð Þorsteins, gæðaeftirlit megi alls ekki verða einhver „grýla“ á félagsmenn heldur verði það félagsmönnum til góðs.

Að lokum kynnti Tryggvi Jónsson, fráfarandi formaður FLE tillögu að lagabreytingum. Lagabreytingar þessar eru fyrst og fremst tilkomnar vegna nýrra laga um endurskoðendur sem tóku gildi þann 1. júlí síðastliðinn. Meðal nýmæla má nefna að lagt er til að skattanefnd og gæðanefnd verði fastanefndir félagsins í stað stjórnskipaðra nefnda. Einnig bætist við sérstök grein um gæðaeftirlit. Tillögu að lagabreytingum fylgja hér með til umsagnar og athugasemda. ♦

Aðalfundur FLE

15. nóvember 1997

1. Kosning fundarstjóra og skipun ritara.

Tryggvi Jónsson, formaður félagsins, setti fundinn og lagði til að Sæmundur Valdimarsson yrði kjörinn fundarstjóri. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri skipaði því næst ritara félagsins, Ólaf Kristinsson, sem ritara fundarins og var því næst gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar.

Formaður FLE, Tryggvi Jónsson, flutti skýrslu stjórnar. Í upphafi skýrslunnar gat hann þess að fjöldi félagsmanna væri nú 221 en var 219 í byrjun starfsársins. Einn félagsmaður, Kristján Friðsteinson, lést á árinu og bað Tryggvi félagsmenn að minnast hans með því að rísa úr sætum. Því næst vék Tryggvi að því helsta sem fram kemur í skýrslu stjórnar til aðalfundar sem send hafði verið félagsmönnum. Vakti hann meðal annars athygli á frumkvæði félagsins í því að móta reglur um endurmenntun í samræmi við ákvæði nýrra laga um endurskoðendur sem tóku gildi á árinu. Stjórn félagsins skipaði á árinu nýja gæðanefnd sem ætlað er að móta fyrstu skrefin í gæðaeftirliti og hefur félagið þar með einnig tekið frumkvæði í því að tryggja samræmd vinnubrögð og gæði í störfum endurskoðenda sem sífellt er að verða mikilvægara. Tryggvi taldi þörf á því að félagið láti meira til sín taka út á við og nefndi í því sambandi ráðstefnu um umhverfisendurskoðun sem vakti talsverða athygli. Auk þess er þörf á því að verja meiri tíma í innra starf félagsins svo sem menntunarmál og gæðastarf til þess að félagsmenn verði betur í stakk búnir til þess að mæta væntingum viðskiptavina. Í ræðu sinni vakti Tryggvi einnig athygli á þeirri umræðu sem orðin er um dóma Hæstaréttar í skattamálum og nýlegan úrskurð þar sem máli var vísað aftur til héraðsdóms þar sem einn meðdómari sem er löggiltur endurskoðandi var talinn vanhæfur. Afstaða Hæstaréttar í þessum málum hefur vakið undrun meðal endurskoðenda og lögmanna og var á nýlegum stjórnarfundum FLE ákveðið að standa að könnun á dómum Hæstaréttar í skattamálum í því skyni að efna til opináráttar og málefnalegar umræðu um meðferð úrskurðaraðila og dómstóla í skattamálum. Að lokum gat Tryggvi um góða þátttöku félagsmanna á ráðstefnum félagsins á liðnu ári sem sýndi nauðsynlega samstöðu í því að efla hag félagsins þrátt fyrir innbyrðis samkeppni. „Félag sem hefur svo virka félagsmenn þarf ekki að bera kvíðboga fyrir framtíðinni“. Þakkaði hann því næst nefndum félagsins gott starf og Þorsteini Haraldssyni

undangengnum formanni og Þorvarði Gunnarssyni varaformanni fyrir gott samstarf.

3. Ársreikningur félagsins.

Stefán Franklín gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár. Las hann áritun endurskoðanda á ársreikninginn og greindi frá helstu stærðum í rekstrar- og efnahagsreikningi ársins. Tekjur umfram gjöld samkvæmt rekstrarreikningi voru kr. 123.807 og eigið fé þann 31. ágúst 1997 var kr. 21.417.110. Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninginn undir atkvæði og var hvort tveggja samþykkt samhljóða.

4. Skýrslur fastanefnda félagsins.

Tryggvi Jónsson gerði grein fyrir störfum álitnefndar sem hélt 15 bókaða fundi á árinu og lauk öllum þeim málum sem komu til umfjöllunar nefndarinnar á árinu. Hjörleifur Pálsson greindi frá störfum endurskoðunarnefndar sem hélt 14 fundi á árinu. Nefndin lagði fyrir félagsfund fyrr um daginn tillögu um áritun á óendurskoðuð reikningsskil og var hún samþykkt. Auk þess kynnti nefndin tillögu að leiðbeinandi reglum um ráðningarskilmála og tillögu að leiðbeinandi reglum um mikilvægi við endurskoðun.

Birkir Leósson kom fram fyrir hönd reikningsskilanefndar og vísaði til skýrslu nefndarinnar. Sigurpór Charles Guðmundsson, fulltrúi menntunarnefndar, þakkaði Ástu Bragadóttur starfsmanni félagsins frábært starf í þágu nefndarinnar, en vísaði að öðru leyti til skýrslu nefndarinnar.

Enginn gaf sig fram fyrir hönd ritnefndar.

Umfjöllun um störf fastanefnda félagsins er að finna í skýrslu stjórnar til aðalfundarins.

5. Tillaga laganefndar til breytinga á lögum félagsins.

Tryggvi Jónsson hafði áður á félagsfundi gert grein fyrir tillögu laganefndar um breytingar á lögum félagsins og var því hlaupið yfir þennan lið í dagskránni.

6. – 15. Kosningar til stjórnar og nefnda félagsins.

Fundarstjóri las upp tillögu uppstillinganefndar til aðalfundar 1997 um skipun í stjórn og nefndir félagsins fyrir komandi starfsár. Tillagan var samþykkt samhljóða. Lista yfir nefndarmenn FLE má finna á næstu blaðsíðu.

16. Tillaga stjórnar um árstíllag félagsmanna.

Stefán Franklín lagði fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár og um leið tillögu stjórnar um hækkun félagsgjaldsins úr kr. 38.000 í kr. 42.000 á ári. Rökstuddi hann tillöguna með því að fyrirsjáanlegur væri meiri kostnaður af rekstri félagsins á næsta ári m.a. vegna aukinna umsvifa við undirbúning gæðaeftirlits, endurmenntunar og vegna erlends samstarfs.

Guðrún Torfhildur Gísladóttir kvaddi sér hljóðs með fyrirspurn um hvort ástæða væri að áætla hagnað af starfsemi félagsins með 21 milljón króna í sjóði. Stefán svaraði því til að starfsemi félagsins væri sífellt að aukast og rétt væri að hafa borð fyrir báru í rekstrinum.

Tillagan um árstíllagið var því næst borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

17. Önnur mál.

Tryggvi Jónsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði samstarf innan og utans stjórnar á liðnu kjörtímabili hans sem formanns félagsins. Óskaði hann Þorvarði Gunnarssyni til hamingju með kjörið til formanns félagsins og stjórninni velfarnaðar í starfi.

Þorvarður Gunnarsson ávarpaði fundinn og gat meðal annars þess sem myndi verða meðal viðfangsefna nýrrar stjórnar. Ný lög um endurskoðendur setja auknar kröfur á félagið sem bregðast verður við. Unnið verður áfram að gæðaeftirliti með aðstoð gæðanefndarinnar. Jafnframt verður unnið að tillögum um endurmenntun og að kynningarmálum. Auk þess eru tæknimál sífellt að breytast og kalla á nýjar áherslur í menntun endurskoðenda sem félagið verður að huga að.

Þorvarður þakkaði því næst traust félagsmanna og fráfarandi stjórnarmönnum gott samstarf um leið og hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Einnig færði hann Ástu Bragadóttur þakkir fyrir góð störf í þágu félagsins og fráfarandi formanni fyrir gott samstarf og starf hans í þágu félagsins. ♦

Stjórnskipaðar nefndir FLE

Auk fastanefnda FLE sem kosið er til eru starfandi nokkrar stjórnskipaðar nefndir. Á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar FLE fyrir skömmu voru eftirfarandi félagsmenn FLE skipaðir í þessar nefndir:

Skattanefnd

Ólafur Nilsson
Árni Tómasson
Valdimar Guðnason

Uppstillingarnefnd

Símon Á. Gunnarsson
Sigurður Tómasson
Sigurður P. Sigurðsson

Gæðanefnd

Þorvarður Gunnarsson
Símon Á. Gunnarsson
Guðmundur Snorrason
Halldór Arason
Sigurþór Ch. Guðmundsson

Orðanefnd

Sigurður P. Sigurðsson
Helga Harðardóttir
Sigurþór Ch. Guðmundsson
Símon Á. Gunnarsson
Stefán Svavarsson

Heimir Haraldsson er formaður Reikningskilaráðs.

Kosningar í stjórn og nefndir FLE

Stjórn FLE

Þorvarður Gunnarsson, formaður
Símon Á. Gunnarsson, varaformaður
Stefán Franklín, gjaldkeri
Jón Þ. Hilmarsson, meðstjórnandi
Sturla Jónsson, ritari

Auður Ósk Þórisdóttir, varamaður
Ragnar Þórir Guðgeirsson, varamaður

Endurskoðendur

Benóní Torfi Eggertsson, endurskoðandi
Einar H. Einarsson, varaendurskoðandi

Álitsnefnd

Þorvarður Gunnarsson
Símon Á. Gunnarsson
Tryggvi Jónsson
Stefán Svavarsson
Gunnar Sigurðsson

Heimir Haraldsson, varamaður

Endurskoðunarnefnd

Halldór Arason
Guðmundur Hjaltason
Guðríður Kristófersdóttir

Lárus Finnbogason, varamaður

Reikningskilanefnd

Sigurður B. Arnþórsson
Birkir Leósson
Sæmundur Valdimarsson

Jóhann Unnsteinsson, varamaður

Menntunarnefnd

Björg Sigurðardóttir
Jón H. Skúlason
Sigurþór Charles Guðmundsson

Ómar H. Björnsson, varamaður

Ritnefnd

Konráð Konráðsson
Sigurður Heiðar Steindórsson
Anna Kristín Traustadóttir

Dýri Guðmundsson, varamaður

Reglugerð um starfs- ábyrgðartryggingar endurskoðenda

Þann 5. desember 1997 var gefin út reglugerð um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda.

(Stjórnartíðindi B 97-100, nr. 659-676 1997)

1. gr.

Endurskoðandi sem starfar við endurskoðunarstörf sbr. 7. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans. Leggi endurskoðandi inn réttindi sín, fellur váttryggingaskyldan niður.

Váttryggingin skal nema minnst 5.000.000 króna vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð váttryggingabóta innan hvers árs skal nema minnst 15.000.000 krónum. Fjárhæðir þessar skulu miðast við vísitölu neysluverðs 181,7 og breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

Váttryggingin skal taka til starfa endurskoðandans hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu váttryggingataka í váttryggingaskilmálum, en slíkt má ekki skerða rétt þriðja manns til bóta úr hendi váttryggingafélags. Tilhögun eigin áhættu skal getið í váttryggingaskilmálum, váttryggingaskírteini eða iðgjaldskvittun.

3. gr.

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag tilkynna það váttryggingataka og fjármálaráðuneytinu þegar í stað. Váttryggingatímabili telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að váttryggingafélagið tilkynnti váttryggingatakanum og fjármálaráðuneytinu sannanlega um váttryggingaslit, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin.

Verði bótaskyld tjón, sem fellur undir starrfsábyrgðartryggingu samkvæmt reglugerð þessari, ber váttryggingafélagi að tilkynna um hið bótaskylda atvik og greiðslu vegna þess til fjármálaráðuneytisins.

Váttryggingafélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi.

4. gr.

Þar sem tveir eða fleiri endurskoðendur starfa saman með sameiginlega starfsstofu og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hvors/hvers annars, geta þeir fullnægt váttryggingaskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega váttryggingu enda komi nöfn þeirra beggja/allra fram í váttryggingaskjali. Skulu þá lágmarksfjárhæðir skv. 1. gr. hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern endurskoðanda umfram einn.

5. gr.

Uppfylli endurskoðandi ekki skilyrði reglugerðar þessarar um starfsábyrgðartryggingu er honum skylt að leggja inn réttindi sín og er honum þá óheimilt að taka að sér störf sem endurskoðandi.

6. gr.

Allir váttryggingaskilmálar sem reglugerð þessi tekur til skulu látnir fjármálaráðuneyti og Váttryggingaæftirliti í té áður en þeir eru boðnir endurskoðendum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. og 22. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

Eigi síðar en **31. desember 1997** skulu váttryggingaskyldir endurskoðendur afhenda fjármálaráðuneytinu staðfestingu um að þeir hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu, sem uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar.

Fjármálaráðuneytinu, 5. desember 1997

F.h.r.

Magnús Pétursson

“Hvernig hefur þú það við tölvuna?”

Þórunn Sveinsdóttir og Hulda Ólafsdóttir, sjúkráþjálfarar hjá Vinnueftirliti ríkisins

Tölvun gegnir æ stærra hlutverki í lífi fólks nú á dögum. Fjölmörg verkefni eru leyst af hendi með hjálp tölvunnar og því oft setið stóran hluta vinnudagsins og rýnt í skjáinn. Stundum þegar vinnudagurinn dugar ekki til er verkefnunum kippt með heim og haldið áfram við tölvuna heima. Nú, svo ekki sé talað um freistinguna að kíkjá á skákforritið, “brids” eða veraldarvefnum! Eitt er víst að af þessari iðju nútímamannsins hljótaskast oft miklar og langvarandi kyrrsetur. Á sama tíma er vitað að mannlíkaminn er gerður fyrir hreyfingu og fjölbreytni. Rannsóknir hafa leitt í ljós að ef lengi er unnið í sömu vinnustöðu með einhæfum hreyfingum er aukin hætta á óþægindum. Þetta kemur okkur ef til vill ekki sérstaklega á óvart þegar við hugsum málið. Því hver hefur ekki fundið til þreytu, jafnvel óþæginda og löngunar til að hreyfa sig þegar lengi er setið samfleytt?

Þessu tekur maður best eftir við ákveðnar aðstæður t.d. þegar setið er á löngum fundum - og líkaminn svarar - maður ekur sér og skekur í stólnum! En hvað gerist þegar setið er við tölvuna? Jú, verkefni eru skemmtileg og ná oft heljartökum á manni en vinnuálagið getur orðið of mikið; það slokknar á viðvörunarþjöllu líkamans og fyrr en varir er klukkan orðin fimm án þess að staðið hafi verið á fætur frá því um hádegi. Axlir stífar, hægri handleggur þreyttur og sviði í augum! Ef þannig er unnið viku eftir viku er hætta á því að verkirnir og óþægindin verði viðvarandi og hverfi ekki við hvíld.

Áhrif vinnuaðstöðu á líðan

Á vinnustöðum sem hafa fullkominn tölvubúnað og bestu fánlegu forrit er allt of algengt að það gleymist að huga að vinnuaðstöðum starfsmanna. Hefur þú leitt hugann að eigin vinnuaðstöðu - hvar eru skjárin, hnappaborðið, músin og vinnuskjölín staðsett? Er hægt að sitja í þægilegri vinnustellingu við tölvuna?

Vinnuaðstaðan er víða ófullnægjandi vegna þess að rými við tölvuna er of lítið eða illa nýtt. Algeng uppsetning á tölvu er að hnappaborðið er fellt niður í borðplötuna á skrifborði eða sett á útdraganlega plötu undir borðinu. Það gleymist hins vegar oft að hugsa fyrir staðsetningu músarinnar og hún lendir því oft fyrir ofan/aftan hnappaborðið eða til hliðar í töluverðri fjarlægð frá starfsmanninum. Þetta veldur stöðugri vöðvaspennu í öxlum starfsmannsins sem

með tímanum getur orsakað óþægindi frá öxlum, olnbogum og/eða úlnliðum vegna ofálags. Þessi óþægindi eru stundum nefnd “músaveiki” og virðist vera vaxandi vandamál víða í heiminum. Til þess að fyrirbyggja slík óþægindi þarf að athuga vinnuaðstæður en jafnframt að gæta þess að sitja ekki of lengi við tölvuna eins og áður var vikið að.

Reglur um skjávinnu

Reglur um skjávinnu voru samþykktar af félagsmálaráðherra í september 1994. Í reglunum er kveðið á um að atvinnurekandi eigi að sjá til þess að gerð sé úttekt á skjávinnustöðum til að meta hvaða áhrif þær hafi með tilliti til öryggis og hollustu, einkum að því er varðar hugsanlega áhættu fyrir sjón og líkamlegt og andlegt álag. Úttektin og husgsanlegar úrbætur eiga að hafa verið gerðar fyrir 1. janúar 1997. Í framangreindum reglum er fjallað um hvaða lágmarkskröfur eru gerðar til vinnustaða þar sem unnið er við tölvu að staðaldri. Fjallað er m.a. um vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi, daglega vinnutilhögun, augn- og sjónvernd starfsmanna. Hér á eftir er fjallað um helstu atriði sem lúta að vinnutilhögun og vinnuaðstöðu en jafnframt bent á nýlegan bækling frá Vinnueftirliti ríkisins *Vinna við tölvu*. Í honum er fjallað um ýmis atriði sem hafa áhrif á starfsumhverfið þar sem unnið er við tölvu og bent á lausnir til úrbóta. Aftast í bæklingnum eru svo reglurnar en þær er einnig hægt að fá í sérprenti.

Vinnutilhögun - fjölbreytni og hreyfing

Lykilorðin til að forðast óþægindi vegna langvarandi vinnu við tölvu eru fjölbreytni og hreyfing. Heppilegast er að vinnan innihaldi *fjölbreytt verkefni* sem fela í sér *breytilegt álag*, bæði líkamlega og andlega. Sum verkefni er auðveldlega hægt að leysa standandi meðan önnur er þægilegra að leysa sitjandi. Ef starfið er að mestu unnið sitjandi er nauðsynlegt að fara kerfisbundið í gegnum alla verkþætti og skoða hvort hægt sé að standa við einhver verkefni. Við sumar nýrri gerðir tölvuborða er auðvelt og fljótlegt að skipta milli þess að sitja og standa. Má eiga von á því að þessi borð nái útbreiðslu meðal þeirra sem vinna mikið við tölvu vegna þessa eiginleika. Ef ekki reynist gerlegt að flétta inn í starfið verkefni sem fela í sér hreyfingu og fjölbreytni er nauðsynlegt að taka hlé með reglulegu millibili, standa á fætur og hreyfa sig. Gott er að anda nokkrum sinnum djúpt og gera liðkandi æfingar til að losa um spennu. Í áður nefndum reglum um skjávinnu er sérstök grein um vinnutilhögun þar sem gerð er krafa um fjölbreytni í starfi eða hlé til að hvílast ef starfið er einhæft.

Góð vinnuaðstaða

Við erum öll ólík með mismunandi líkamsbyggingu og

Því ólíkar þarfir til vinnuástöðu. Þar sem hægt er að aðlaga búnað og starfsumhverfi að starfsfólki er vinnuástaða góð. Við skipulag vinnuástöðu við tölvu þarf að huga að eftirfarandi atriðum; hæð skjásins, staðsetningu hnappaborðs og músar, lýsingu, rými fyrir vinnuskjöl og vinnustól svo eitthvað sé nefnt.

Samkvæmt nýjustu rannsóknum er nú talið heppilegt að hafa *hæð skjás* lægri en áður var ráðlagt til að draga úr álagi á augun. Starfsmaður á þó ekki að líta höfði þegar hann horfir á skjáinn heldur eru það augum sem horfa meira niður á við. Vinnuhæð við *hnappaborð* á að vera þannig að axlir séu slakar og handleggir sem næst bol. Því þarf að vera hægt að aðlaga bæði hæð hnappaborðs og skjás að starfsmanni.

Músin á að vera staðsett við hlið hnappaborðsins. Gott er að hafa músina vinstra megin óháð því hvort starfsmaður er rétthentur eða ekki. Ef músin er hægra megin er hún fjær vegna tölustafa og annarra hnappa sem staðsettir eru á hægri hluta hnappaborðsins. *Borðrými* fyrir hnappaborð og mús á vera það mikið að hægt sé að hvíla hendur/handleggi á borðplötunni. Til eru sérstakir púðar sem hægt er að setja fyrir framan hnappaborð og mús til stuðnings fyrir hendur. Ef slíkir púðar eru notaðir skiptir miklu að ekki verði staðbundinn þrýstingur á taugar og æðar við úlnlið en það getur valdið óþægindum í hendi. Nægt rými þarf að vera fyrir *vinnuskjöl* sem best er að hafa á þar til gerðum skjalahöldurum.

Nauðsynlegt að sitja á góðum *vinnustól* þar sem hægt er að stilla hæð og halla setu og baks. Í reglum er kveðið á um að allir eigi rétt á *fótskemlum* sem þess óska enda veita þeir hvíld og eru oft nauðsynlegir þeim sem eru lágvaxnir.

Lýsingu þarf að vanda þegar vinnusvæði er skipulagt. Lýsing eða birta frá gluggum má ekki endurkastast í skjánum. Leitast skal við að staðsetja skjái sem lengst frá glugga og þannig að birta frá gluggum komi frá hlið. Ef það reynist ekki gerlegt þarf að vera hægt að byrgja birtu frá gluggum á fullnægjandi hátt. Í sumum tilfellum þarf sérlýsingu til lesturs vinnuskjala. *Skjásíur* eru ekki nefndar í umræddum reglum en það getur verið kostur að nota þær ef þær auðveldar aflestur á skjánum og draga úr glampa. Þær geta einnig dregið úr rafsviði ef þær eru jarðtengdar.

Augn- og sjónvernd

Slæm lýsing og birtuskilyrði valda augnþreytu; svo og ef er lengi setið við skjáinn án þess að taka hlé. Því er mikilvægt eins og áður var getið að skapa góð birtuskilyrði og fjölbreytni. Einnig er mikilvægt þegar unnið er við skjáinn að líta reglubundið upp og horfa í fjarlægð til að hvíla augun frá þeirri nærvinnu

augans sem skjávinnan hefur í för með sér.

Samkvæmt reglum eiga starfsmenn sem vinna við skjái rétt á augnskoðun. Ef skoðun augnlæknis leiðir í ljós að starfsmenn þurfi sérstök tölvuglæraugu vegna vinnu sinnar við skjáinn eiga þeir ekki að þurfa að bera þann kostnað sem af því hlýst. Ræða þarf á hverjum vinnustað hvernig skuli staðið að framkvæmd þessa hluta reglnanna svo öllum sé ljóst hvaða leiðir eigi að fara í málinu. Ef starfsmaður telur sig þurfa að leita augnlæknis vegna skjávinnunnar er alltaf ráðlegt að byrja á því að hafa samband við yfirmann sinn eða þann fulltrúa atvinnurekenda sem hefur verið falið að hafa umsjón með málinu.

Vinnuvernd borgar sig

Starfsmenn og stjórnendur ættu að taka höndum saman um að efla vinnuvernd og vinna saman að markvissum úrbótum þar sem þess gerist þörf. Ef reglur um skjávinnu hafa ekki verið umfjöllunar á vinnustaðnum þínum er gott tækifæri að láta til skara skríða! Ávinningurinn er allra - því þar sem starfsmönnum líður vel minnka fjarvistir og afköst aukast. ♦

Frá IFAC

IAPC hefur sent frá sér drög að staðli um rekstrarhæfi (*e. going concern*). Síðasti skiladagur athugasemda er 31. janúar 1998. Í staðlinum er vísað í ábyrgð stjórnar eins og gert er í nýendurskoðuðum ISA staðli nr. 1. Einnig er skilgreind ábyrgð endurskoðandans til að hugleiða hvort sú óvissa sem tengist atburðum og aðstæðum sé mikil og valdi töluverðum efasemdum um rekstrarhæfi fyrirtækis, byggt á þekkingu endurskoðandans á áður nefndum atburðum og aðstæðum á þeim tíma sem endurskoðunin fer fram.

FLEIRI FRÁ NEW YORK



FEE-EURO-verkefni

Þýtt, stýtt og staðfært úr október hefti FEE, „Highlights“

Þann fyrsta janúar 1999, eftir aðeins 12 mánuði er gert ráð fyrir að sameiginlegum gjaldmiðli verði komið á í Evrópu. Sum fyrirtæki, einkum alþjóðafyrirtæki hafa ákveðið að skipta yfir í EMU frá þeirri dagsetningu en fleiri munu nýta sér aðlögunartímabilið sem stendur til 31. desember árið 2001. Í FEE-Euro-verkefninu felst að aðstoða fyrirtæki við þessa gjaldmiðilsskiptingu á þeim tíma sem best hentar hverjum og einum. Að verkefninu standa bæði FEE (the European accountancy profession) og EC (European Commission) og markmiðið er að koma á framfæri nauðsynlegum upplýsingum og ráðgjöf.

Meginþáttur verkefnisins er e.k. bókasafn eða upplýsingagrunnur sem byggður hefur verið á upplýsingum og ráðgjöf frá öllum aðildarlöndum EU ásamt upplýsingum frá FEE og EC. Auðvelt er að nálgast þessar upplýsingar á veraldarvefnum <http://www.euro.fee.be/>. Þar má m.a. finna skjöl eftir tungumálum, löndum, efni og lykilorðum. Lögð er sérstök áhersla á að gagnagrunnurinn nýtist vel stjórnendum fyrirtækja. Einnig hefur verið útbúinn e.k. „gátlisti“ þar sem hægt er að fara yfir öll þau helstu atriði sem hafa þarf í huga við gjaldmiðilsbreytinguna.

Þrátt fyrir að mörg alþjóðafyrirtæki séu nú í fullum undirbúningi fyrir þessar breytingar eru aðrir hópar fyrirtækja, sérstaklega SME (small and medium enterprises) sem ekki hafa sýnt þessu máli nægjanlegan áhuga. Þetta er FEE og EC mikið áhyggjuefni. Hér geta endurskoðendur leikið lykilhutverk í því að brydda upp á þessu málefni við stjórnendur fyrirtækja, ekki hvað síst í ljósi þess að við endurskoðun getur vaknað spurning um áframhaldandi rekstrarhæfi fyrirtækisins, sé það ekki nægjanlega vel undirbúið fyrir gjaldmiðilsbreytinguna. Hér er ekki hvað síst um það að ræða að við gildistöku EMU skulu öll verkefnaútböð verða gerð í EMU gjaldmiðlinum. Endurskoðendur ættu því nú að hafa inni í ráðningarbréfi tilvitnun í undirbúning þennan; einnig ætti að fjalla um þetta í bréfi til stjórnar og ef endurskoðandi metur áhættuna sem mikla hjá því fyrirtæki sem þeir eru að endurskoða ættu að vera athugasemdir í skýrslu endurskoðanda varðandi málefnið.

Stéttin er því ekki aðeins uppspretta upplýsinga og ráðgjafar heldur hefur hún einnig lykilhutverki að gegna og ber því töluverða ábyrgð á því að vel fari.

Að lokum má geta þess að KOM, Kynning og markaður, í samvinnu við Viðskiptablaðið og FLE, er nú með til skoðunar að standa fyrir ráðstefnu um EMU um miðjan febrúar 1998.

Rannsóknarrit

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands hefur hafið útgáfu sérstakra rannsóknarrita í því skyni að koma á framfæri fræðigreinum á sviði viðskiptafræða og tengdra greina. Þessi útgáfa er hugsuð sem farvegur fyrir kennara og nemendur viðskipta- og hagfræðideildar og sérfræðinga sem starfa á vegum Viðskiptafræðistofnunar til að birta rannsóknaniðurstöður sínar og annað efni sem tengist rannsóknum og kennslu í viðskiptafræðum. Á ensku ganga þessi rit undir nafninu „Working Papers – Institute for Business Research“.

Markhópur rannsóknarrita Viðskiptafræðistofnunar er allir þeir sem hafa áhuga á rannsóknum og fræðilegu efni í viðskiptafræðum og tengdum greinum. Margir þeirra starfa í háskólaumhverfi en þó má ætla að margir aðrir hafi áhuga á að lesa efni það sem birtist í þessum ritum. Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands stendur einnig að ritröð á sviði viðskiptafræða ásamt Framtíðarsýn ehf. Ritróðin hefur að geyma hnitmiðuð smárit sem gera lesendum mögulegt á fljótvirkan hátt að setja sig inn í afmarkað efni á sviði fyrirtækjarekstrar. Ritróðin er ætluð breiðum lesendahópi, einkum fólki í atvinnulífinu og í stjórnunarstöðum. Skrifstofu FLE hafa borist áður nefnd rannsóknarit frá Viðskiptafræðistofnun. Þau eru:

An Alternative Introduction to Operational Research
eftir Snjólf Ólafsson, apríl 1996
Strategisk ledelse af integrerede mellemsektororganisationer
om forudsætninger og funktion
eftir Runólf Smára Steinþórsson, apríl 1996
Teaching Mathematical Modelling to Business Students
eftir Snjólf Ólafsson, janúar 1997
The Quest for Effectiveness in Cultural Institutions
eftir Runólf Smára Steinþórsson og Anders Söderholm.
apríl 1997
Sharing of Revenue in Icelandic Fisheries: A descriptive
Account
eftir Þórólf Matthíasson, maí 1997
The Development of the Fishing Industry in Iceland_History
and Cases
eftir Ingjald Hannibalsson, júní 1997
Strategic management as Multi-contextual Sensemaking in
Intermediate Organizations
Eftir Runólf Smári Steinþórsson og Anders Söderholm
júli 1997
Operational Research and Group Decision Making
eftir Snjólf Ólafsson, júlí 1997

Þeir sem áhuga hafa á að kynna sér efni þetta nánar, hafi samband við skrifstofu FLE. ♦

Merkið við í dagbókina!

16. janúar fyrir hádegi

Skattadagur FLE, Hótel Loftleiðum

16. janúar eftir hádegi

„Gjaldið keisaranum það sem keisarans er...“

Skattborgarinn og skattkerfið

Opið málþing FLE og Lögmannafélags Íslands, Hótel Loftleiðum

Hjá FLE liggur umsókn frá aðila með mikla reynslu í bókhaldsstörfum um starf á endurskoðunarstofu

Til hamingju með afmælið nýliðið/væntanlegt

60 ára	Halldór Valgeirsson	Uppgjör hf.	01.12.1997
55 ára	Þorsteinn Kjartansson	Endurskoðunarstofa ÞK	11.02.1998
50 ára	Ragnar Hafliðason	Bankaeftirlit	04.11.1997
50 ára	Reynir Ragnarsson	Þrep hf. - endurskoðun	06.12.1997
45 ára	Tryggvi E. Geirsson	Endurskoðun Tryggva E. G.	17.11.1997
45 ára	Haukur G. Gunnarsson	SH Endurskoðun hf.	26.12.1997
45 ára	Jón Kristinn Jónsson	Endurskoðendapjónustan	08.02.1998
45 ára	Stefán D. Franklín	E.B.E.Á.	09.02.1998
40 ára	Pétur Guðbjartsson	Þrep hf. - endurskoðun	22.11.1997
40 ára	Magnús G. Benedikts.	Aðalendurskoðun sf.	15.01.1998
40 ára	Guðmundur Snorrason	Pema hf.	07.02.1998
35 ára	María Sólbergdóttir	Kaupþing hf.	25.01.1998
35 ára	Helena Hilmarsdóttir	Íslandsbanki	03.02.1998
35 ára	Sæmundur Valdimars.	KPMG Endurskoðun hf.	07.02.1998
30 ára	Gunnar Þór Ásgeirsson	Stoð endurskoðun hf.	04.11.1997
30 ára	Hjalti Ástbjartsson	Fjárfestingabanki atvinnulífsins	08.12.1997



Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Loksins, loksins, koma út FLE-fréttir. Vinnsla þessa fréttabréfs hefur tekið nokkuð langan tíma en eins og lesendur þess sjá er um að ræða nýtt og breytt útlit. Það útlit sem kemur ykkur hér fyrir sjónir verður þó ekki endilega það sama í næsta fréttabréfi því við erum nokkuð að prófa okkur áfram með þetta nýja form.

Eins og félagsmenn hafa efalaust tekið eftir hefur Álit ekki komið út í nokkurn tíma. Stjórn FLE hefur nú tekið þá ákvörðun að leggja niður útgáfu tímaritsins um tíma, en efla þess í stað útgáfu FLE-frétta. Nýtt hlutverk ritnefndar FLE mun verða, auk þess að aðstoða við útgáfu FLE-frétta að hanna og ritstýra heimasíðu FLE sem í bígerð er að koma á alnetið í apríl á næsta ári. Meðal efnis sem fyrirhugað er að hafa á heimasíðu FLE er félagaskrá (með tölvupóstfangi), fréttir frá FLE og tilkynningar til félagsmanna, yfirlit um úrskurði yfirskattanefndar (ef þeir fást til birtingar frá nefndinni), áhugaverðar greinar um endurskoðun, reikningshald og skattamál og teningar við ýmsar heimasíður eins og til dæmis íslenskra og erlendra endurskoðenda og samtaka þeirra, fjármálastofnana og aðrar tengingar sem gætu nýst endurskoðendum í starfi þeirra. ♦

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Í TÍLEFNI MÁNAÐARINS

One hundred years from now it will not matter what kind of house I lived in, what kind of car I drove, how much I had in my bank account nor what my clothes looked like, but the world may be a little better because I was important in the life of a child.

Paul Newman